

NÁMSGREIN - ÁRGANGUR - TÍMABIL

Leiklist - 2.bekkur

Kennarar: Íris Björg Ólafsdóttir

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Nemendur koma í leiklist 2 í viku 60 mín í senn. Leiklist er kennd sem hluti af listasmiðju hjólinu. Nemendur eru í 6-7 vikur í hverri smiðju.

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?

- gert grein fyrir einföldum hugtökum tengdum leikriti, svo sem „persóna“, „samtal“ og „söguþráður“
- skrifað einfalt samtal á milli tveggja persóna
- skilið form leikrits (upphaf, miðja, endir)
- kynnst einföldum leiklistar formum eins og brúðuleik, spuna
- búið til einfalda kyrrmynd með samnemendum
- notað einfaldar tjáningar aðferðir, t.d. með látbragði eða rödd, til að segja sögu
- notað leiklist til að segja sögur úr daglegu lífi
- lýst einföldu leikriti eða sögu með því að segja frá hvað gerist fyrst, í miðjunni og hvernig það endar
- tekið þátt í umræðu um leikatriði og lýst eigin upplifun
- fundið eitt atriði sem hefði mátt vera öðruvísi og sagt hvers vegna
- tekið þátt í spuna þar sem hann bregst við nýjum aðstæðum í leik

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

- Spuna form og spuna æfingar úr www.improvwiki.de (efni er á þýsku)

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

- leikir, kyrrmyndir, látbragð, skuggaleikhús, söguleikhús, frásagnarleikhús, spuna, spuna leikir, æfingar, umræður, samanburður, sögukort, hópverkefni, persónutré (sögupersónur tengdar saman).
- unnið með hópi að leikrænni útfærslu á einfaldri sögu eða atburði
- hlutverkjaleikur
- ímyndunarleikur
- skapandi sögusmíði

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

- mæting og virkni
- tekið þátt og sýnt virkni í leikum
- framkvæmdir út frá verkefni í hóp og/eða sem einstaklingur
- hæfnieinkunn í bókstöfum (A-D)

Viðmið úr námskrá

- tjáning, tillitssemi, miðlun, sköpun, rökræða, ályktun, gagnrýnin hugsun, sjálfstæði, samvinna, áreiðanleiki, upplýsingaöflun og miðlanotkun, sjálfsþekking, markmiðasetning, ígrundun, árangur og sjálfsþekking